

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

216. FUNDUR.

216. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 14. maí árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 13:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka inn á dagskrá fundarins sem 1. dagskrárlið kynningu á þróunarverkefninu „Leikur er barna yndi“ og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Leikur er barna yndi.

Elsa Rut Róbertsdóttir, Guðrún Lára Magnúsdóttir og Sigurbjörg Friðriksdóttir, starfsmenn og stjórnandi Leikskólans Ásgarðs kynntu þróunarverkefnið „Leikur er barna yndi“ fyrir fulltrúum sveitarstjórnar. Að kynningu lokinni fór fram umræða um efni skýrslunnar og færðu fulltrúar sveitarstjórnar höfundum hennar þakkir fyrir mjög áhugaverða kynningu, frumkvæði og elju við innleiðingu þessa mikilvæga verkefnis.

2. Fundargerðir nefnda:

Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 789. fundar frá 29. apríl s.l. Fundargerð í 6 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu erindis Indriða Karlssonar um endurnýjun á leigusamningi um tún og beitarland á jörðinni Ytri-Völlum þar til endurskoðaður leigusamningur liggur fyrir ásamt úttekt á girðingu.“ Ragnar Smári Helgason vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa liðar.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu erindis Þórðar Skúlasonar um stofnun lögbýlis á séreignarhluta hans á jörðinni Grund í Vesturhópi til næsta fundar þar sem umsögn landsbúnaðarráðs liggur ekki fyrir.“

Skúli Þórðarson sveitarstjóri vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 790. fundar frá 13. maí s.l. Fundargerð í 8 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 136. fundar frá 24. apríl s.l. Fundargerð í 4 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 221. fundar frá 2. maí s.l. Fundargerð í 5 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1a „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Dæli í Víðidal, Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1b „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir frístundalóðir í landi Litlu-Borgar, Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1c „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagt deiliskipulag ferðapjónustu að Ósum á Vatnsnesi, Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 2 „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á erindi Skúla Þórðarsonar og Sigurbjargar Friðriksdóttur.“ Skúli Þórðarson sveitarstjóri vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fenginni tillögu skipulags- og umhverfisráðs, að veita vegagerðinni framkvæmdaleyfi til tveggja ára í eftirtöldum námum sem allar eru á gildandi Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014: Illugastaðanáma, Krossanesnáma, Þorfinnsstaðanáma, Hörgshólsnáma, Kjalanáma í landi Miðhóps, Víðidalstungunáma og Svertingsstaðanáma.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á erindi Bjarna Þórs Einarssonar f.h. Miðdegishóls ehf. þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir reiðhöll og hestúsi á nýrri lóð í landi Lækjarmóts II,“ Elín R. Líndal vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs á erindi Elvars Loga Friðrikssonar um leyfi til að byggja viðbyggingu við hestús sitt að Þórðartröð 8 á Hvammstanga.“ Ragnar Smári Helgason vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017. Síðari umræða.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra 2013-2017 og samþykkir að vísa henni til staðfestingar Mannvirkjastofnunar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Síðari umræða.

Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og samþykkir að vísa henni til staðfestingar innanríkisráðherra.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2012. Síðari umræða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2012.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun.

„Niðurstaða ársreiknings Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2012 er afar ánægjuleg en afgangur frá rekstri samstæðu A- og B-hluta var samtals 51,2 millj. kr. samanborið við neikvæða afkomu ársins 2011 að fjárhæð kr. 69,7 millj.

Niðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um kr. 64,2 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 34,1 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er sem áður segir jákvæð um kr. 51,2 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 17,9 millj. kr. Rekstrarhagnaður A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er kr. 106,3 millj. Afskriftarreglum var lítillega breytt og námu afskriftir alls kr. 43,2 millj. en hefðu ella verið um kr. 60 millj. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur hjá A- og B hluta námu alls kr. 39,5 millj. Leiðrétting lána og niðurfærsla eignahluta var jákvæð um kr. 30,5 millj. sem er vegna endurgreiðslu og niðurfellingar láns hjá Landsbankanum hf. Þess skal getið að alls 15 millj. kr. af þeirri endurgreiðslu var varið til fjölbreyttra samfélagslegra verkefna innan sveitarfélagsins.

Rekstrartekjur voru um 29,4 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert, útsvar er 9,6 millj. kr. hærri en í áætlun og aðrar tekjur kr. 19,8 millj. hærri, en rekstargjöld voru samkvæmt áætlun ársins. Í því sambandi er rétt að þakka stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir aðhald í rekstri á árinu 2012. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur nú samþykkt reglur um innra eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins og eru bundnar vonir við að þær muni til lengri tíma skila árangri m.a. hvað varðar bættu fjármálastjórn og eftirlit með því að fjárhagsáætlunum sé fylgt.

Sé litið til niðurstöðu ársreiknings ársins 2012 hafa markmið sveitarstjórnar Húnaþings vestra um bættu fjármálastjórn náðst og má í því samhengi nefna að engin ný lán voru tekin á árinu 2012 og ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2013. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2012 eru alls kr. 818,5 millj. og hafa þær lækkað frá árinu 2011 um kr. 60,4 millj. Lífeyrisskuldbindingar nema í árslok 2012 kr. 91,6 millj. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2012 nam kr. 710 millj. Handbært fé í árslok 2012 var kr. 118,5 millj. en var í upphafi árs kr. 114,3 millj. Fjárfestingar ársins 2012 voru kr. 42 millj. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er 1,27. Samkvæmt viðmiði Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga hefur nefndin afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A- og B hluta er umfram 150%. Í Húnaþingi vestra er þetta hlutfall 75,8% skv. ársreikningi 2012 en var 84,8% á árinu 2011.

Þann 1. janúar 2012 sameinuðust Húnaþing vestra og Bæjarhreppur í eitt sveitarfélag. Ljóst er að sameining sveitarfélaganna hefur skilað verulegri rekstrarhagræðingu og skýrir það að hluta þann góða árangur sem staðfestur er í ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2012.

Þrátt fyrir ánægjulega niðurstöðu ársreiknings Húnaþings vestra fyrir árið 2012 er ástæða til að vara við mögulegum áhrifum ytri þátta á framtíðarrekstur sveitarfélagsins. Þar skal

sérstaklega nefna verðbólgu- og launaþróun og vaxtastig en þá þætti þarf sveitarstjórn m.a. að hafa í huga varðandi ákvarðanatöku um rekstur og fjárfestingar á næstu árum.

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri greindi frá helstu störfum sínum frá 16. apríl sl.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:58

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri
fjármála- og stjórnsýslusviðs.